

Öryggisfjarskipti ehf.

Ársreikningur

2024

Öryggisfjarskipti ehf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megintilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptabjónustu. Félagið rekur í þeim tilgangi meðal annars Tetra fjarskiptakerfið, fjarskiptakerfi vaktstöðvar siglinga auk mannvirkja um allt land fyrir fjarskipti og fleira. Félagið leigir meginhluta eigna sinna til Neyðarlínunnar ohf. sem á 14,22% eignarhlut í félaginu en leigir einnig Landhelgisgæslunni flugskýli við Reykjavíkflugvöll.

Rekstur ársins og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 178 millj. kr. á árinu 2024. Í árslok 2024 námu eignir félagsins 2.307 millj. kr. og eigið fé nam 2.091 millj. kr. í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.160 millj. kr. Eiginfjárhlutfall nam 91% í árslok 2024. Rekstrarfjármunir félagsins eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði. Einn starfsmaður var á launaskrá hjá félaginu á árinu.

Starfsemin á árinu

Í Tetra kerfinu var unnið að uppsetningu nokkurra nýrra senda en hægt er að fjölga sendum eftir stækkun miðkerfis á árinu 2023. Á árinu var lokið við uppfærslu á miðkerfum vaktstöðvar siglinga frá Frequentis sem tekin var í notkun í mars. Á félagið nú um 215 Tetra senda og um 60 senda vegna vaktstöðvar siglinga. Komið er að endurnýjun senda vakstöðvarinnar sem áformað er að verði gert á árunum 2026-2028.

Unnið var að styrkingu varaafis á nokkrum stöðum sem er framhald verkefnis sem hófst á árinu 2020 í samstarfi við fjarskiptasjóð og fjarskiptafélög og snýst um að auka öryggi fjarskiptakerfa landsins. Á félagið nú um 85 fastar og færanlegar vararafstöðvar.

Tekinn var í notkun nýr fjarskiptastaður við Holt í Öfundarfirði og við Hófaskarð nærri Raufarhöfn og unnið var að endurbótum á nokkrum fjarskiptastöðum. Félagið á nú um 140 mannvirki um allt land og er viðhaldspörf þeirra að aukast með hækkandi aldri. Einnig var unnið að undirbúningi að byggingu smávirðkjunar á Möðrudalsöræfum við Þjóðveg 1 og er stefnt að því að taka hana í notkun á árinu 2025. Unnið var að undirbúningi þess að breyta 700 m² húsnæði á Hólmsheiðarvegi 151 þannig að það nýtist leigutaka betur.

Flugskýli fyrir Landhelgisgæsluna var í fyrsta sinn í notkun heilt ár og er leigutaki afar ánægður með aðstöðuna. Unnið var að ýmsum frágangsverkefnum sem er nú að fullu lokið. Lokaúttekt byggingafulltrúa hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir og er enn ólokið sem og skráningu lóðar undir skýlið. Stefnt er að því að ljúka þeim verkefnum á árinu 2025. Á árinu var gengið frá uppgjöri við Skattinn vegna virðisaukaskatts árin 2021-2023 sem tengdust byggingu flugskýlisins.

Félagið fékk úthlutað hjá Fjarskiptastofu tíðni á árinu 2022 fyrir næstu kynslóð neyðar- og öryggisfjarskipta. Í fyrstu er því kerfi ætlað að mæta þörfum fyrir öruggan gagnaflutning en seinna meir til endurnýjunar á Tetra kerfinu. Óskað hefur verið eftir því við stjórnvöld að þau móti stefnu um með hvaða hætti verði staðið að því að koma slíku kerfi á. Í tíðnileyfinu er kvöð um þátttöku í verkefni með farsímafélögum um að koma á 100% dekkun á stofnvegum. Þeirri kvöð fylgir talsverður kostnaður sem er ófjármagnaður og hefur félagið upplýst stjórnvöld og Fjarskiptastofu um það. Það er því talsverð óvissa um framhald verkefnisins.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2025, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh:

Hlutfé og eignarhald

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:

Ríkissjóður, 87,78%	995.000.000
Neyðarlínan ohf. 14,22%	165.000.000
	<u>1.160.000.000</u>

Stjórn félagsins er skipuð einum aðalmanni og einum til vara. Aðalmaður er karl, varamaður er kona.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. apríl 2025.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

Álit

Ársreikningur Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Öryggisfjarskipta ehf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Öryggisfjarskiptum ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lögum ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Öryggisfjarskipta ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun Ríkisendurskoðunar, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun,

2025

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		526.978.281	472.550.890
Aðrar tekjur		50.567.562	27.479.866
		<u>577.545.843</u>	<u>500.030.756</u>
Rekstrargjöld			
Viðhaldskostnaður		81.033.287	72.338.417
Fjarskiptaleyfi		661.000	753.960
Laun og launatengd gjöld	4	12.931.923	7.811.767
Annar rekstarkostnaður		49.837.163	33.246.294
Afskriftir	6	187.856.799	164.116.925
		<u>332.320.172</u>	<u>278.267.363</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld		245.225.671	221.763.393
Vaxtatekjur		6.322.551	2.840.426
Vaxtagjöld		(27.099.932)	(15.794.793)
		<u>(20.777.381)</u>	<u>(12.954.367)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		224.448.290	208.809.026
Tekjuskattur	5	(46.839.054)	(41.765.845)
Hagnaður ársins	9	<u>177.609.236</u>	<u>167.043.181</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Rekstrarfjármunir	6,7	2.040.226.458	2.140.174.134
Fastafjármunir		2.040.226.458	2.140.174.134
Krafa á Neyðarlínuna ohf.	11	78.163.582	65.577.311
Aðrar skammtímakröfur		1.107.961	1.816.819
Virðisaukaskattur, inneign		0	47.203.536
Handbært fé		187.164.044	11.011.386
Veltufjármunir		266.435.587	125.609.052
Eignir samtals		2.306.662.045	2.265.783.186
Eigið fé			
Hlutfé	8	1.160.000.000	1.160.000.000
Lögbundinn varasjóður		94.718.959	76.958.037
Óráðstafað eigið fé		835.889.869	676.041.555
Eigið fé	9	2.090.608.828	1.912.999.592
Langtímaskuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	10	16.920.147	10.930.633
Langtímaskuldbindingar samtals		16.920.147	10.930.633
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		121.265.236	268.025.125
Viðskiptaskuldir		5.969.157	6.161.118
Fyrirfram innheimtir styrkir	13	15.000.000	15.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		16.049.137	18.691.188
Tekjuskattur til greiðslu	12	40.849.540	33.975.530
Skammtímaskuldir samtals		199.133.070	341.852.961
Skuldir samtals		216.053.217	352.783.594
Eigið fé og skuldir samtals		2.306.662.045	2.265.783.186

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Öryggisfjarskipti ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

b. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnæði	33 ár
VSS kerfi	8 ár
Tetra kerfi	10 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur voru óverulegar í árslok 2024 og því ekki tilefni til neinnar varúðarafskriftar af slíkum kröfum.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar, frh.:

4. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	13.161.000	18.466.458
Launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2.928.819	5.631.443
Eignfærður launakostnaður	(3.157.896)	(16.286.134)
Laun og launatengd gjöld samtals	12.931.923	7.811.767
Fjöldi stöðugilda	0,5	0,8

5. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2024	2023
Hagnaður fyrir skatta	224.448.290	208.809.026
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20% (44.889.658)	20% (41.761.805)
Áhrif tímabundinnar hækkunar tekjuskatts %	1% (1.945.216)	0% 0
Annað	0% (4.180)	0% (4.040)
Virkur tekjuskattur	21% (46.839.054)	20% (41.765.845)

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnæði	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2024	1.420.621.570	129.702.271	1.818.725.107	114.722.258	3.483.771.206
Viðbót á árinu	6.207.562	11.382.655	82.984.161	0	100.574.378
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	0	(30.400.910)	(30.400.910)
Stofnverð 31.12.2024	1.426.829.132	141.084.926	1.901.709.268	84.321.348	3.553.944.674
Afskrifað samtals 1.1.2024	64.929.853	54.706.921	1.180.555.557	43.404.740	1.343.597.071
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	0	(17.735.655)	(17.735.655)
Afskrifað á árinu	46.827.887	15.655.525	105.982.603	19.390.784	187.856.799
Afskrifað samtals 31.12.2024	111.757.740	70.362.446	1.286.538.160	45.059.869	1.513.718.215
Bókfært verð 1.1.2024	1.355.691.717	74.995.350	638.169.550	71.317.517	2.140.174.134
Bókfært verð 31.12.2024	1.315.071.392	70.722.480	615.171.108	39.261.478	2.040.226.458

*Meðal eignfærðs húsnæðiskostnaðar er eignfærður 23 millj. kr. fjármagnskostnaður sem féll til við fjármögnun á byggingu flugskýlis. Bókfært verð eignfærðs fjármagnskostnaðar nemur 22,2 millj. kr. í árslok. Kostnaðurinn er eignfærður í samræmi við 4. mgr. 29. gr. laga um ársreikninga.

7. Vátryggingarverð og fasteignamat

Vátryggingarverð húsnæðis og kerfa var 3.224 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 2.036 millj. kr. Bifreiðar eru tryggðar kaskótryggingum. Fasteignamat nam 824 millj. kr. í árslok.

Skýringar, frh.:

8. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.160 millj. kr. í árslok og breyttist ekki á árinu. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024	1.160.000.000	76.958.037	676.041.555	1.912.999.592
Fært í varasjóð		17.760.922	(17.760.922)	0
Hagnaður ársins			177.609.236	177.609.236
Eigið fé 31.12.2024	1.160.000.000	94.718.959	835.889.869	2.090.608.828

10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:	2024	2023
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(10.930.633)	(3.140.318)
Reiknaður tekjuskattur	(46.839.054)	(41.765.845)
Tekjuskattur til greiðslu	40.849.540	33.975.530
Reiknuð skattskuldbinding í árslok	(16.920.147)	(10.930.633)
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	(16.920.147)	(10.930.633)
Tekjuskattsskuldbinding samtals	(16.920.147)	(10.930.633)

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Leigu- tekjur	Aðkeyptar eignir og þjónusta	Vaxta- tekjur	Krafa	Skuld
Neyðarlínan ohf. 2024	419.999.988	125.691.440	1.263.845	78.163.582	0
Neyðarlínan ohf. 2023	399.592.992	277.225.970	1.809.515	65.577.311	0

Félagið á í töluverðum viðskiptum við annan af eigendum sínum Neyðarlínuna ohf. sem felur fyrst og fremst í sér leigutekjur en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rúkkar Öryggisfjarskipti ehf. fyrir. Stór hluti af kaupum á aðkeyptum eignum og þjónustu af Neyðarlínunni ohf. er eignfærður meðal fastafjármuna eða koma til á móti styrkjum sbr. skýringu nr. 13. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi.

12. Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu árið 2025 vegna rekstrarársins 2024, hefur verið reiknaður og færður í ársreikning félagsins.

13. Fyrirframinnheimtir styrkir

Félagið móttók styrk á árinu 2021 vegna framkvæmda sem félagið tók að sér á Vatnsenda. Framangreindum framkvæmdum er ekki að fullu lokið í árslok 2024 og er því hluti af mótteknum styrkjum færður sem fyrirfram innheimtar tekjur meðal skammtímaskulda.

14. Álag og vextir ríkisskattstjóri

Samhliða umsókn félagsins um sérstaka og frjálsa skráningu hóf ríkisskattstjóri sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattsmálum félagsins, þ.e. útleigu mannvirkja. Þeirri skoðun ríkisskattstjóra lauk á árinu 2024 sem leiddi til þess að gerðar voru leiðréttingar á virðisaukaskattsskilum fyrir árin 2021-2024. Skattstjóri hefur þessu tengt lagt á félagið afturvirkkt álag og vexti vegna framangreindra leiðréttinga. Félagið gjaldfærði á árinu 2023 varúðarfærslu í rekstrarreikningi að fjárhæð 15,7 millj.kr. vegna málsins. Endanleg niðurstaða álags og vaxta nam 13,9 millj. kr. og mismunur er færður til lækkunar á vaxtagjöldum í rekstrarreikningi ársins 2024.